



Reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda

Maí 2021

Útgáfa	Breytingar	Breytt af	Yfirfarið eða staðfest af	Dagsetning
2.0	Þriðja útgáfa	Lögfræðisviði og regluvörslu	Stjórn	05.05.2021
1.1	Önnur útgáfa	Lögfræðisviði	Stjórn	30.09.2020
1.0	Fyrsta útgáfa	Regluvarsla	Stjórn	05.12.2014

Allur réttur áskilinn. Skjalið að hluta eða í heild sinni má ekki afrita, vista í skjalabanka, eða áframsenda, að neinu leyti eða á neinn hátt, þ.á m. ljósrítun eða upptökur, nema með fyrirfram skriflegu samþykki Íslandsbanka hf., eða samkvæmt beinni lagaheimild.

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Meðferð innherjaupplýsinga	5
3.	Innherjalistar	5
4.	Viðskipti stjórnenda	6
5.	Hlutverk regluvarðar	6
6.	Fræðsla um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda	6

Reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda

Kópavogur, 5. maí 2021

Stjórn Íslandsbanka

Hallgrímur Snorrason
Stjórnarformaður

Anna Þórðardóttir

Árni Stefánsson

Frosti Ólafsson

Guðrún Þorgeirsdóttir

Heiðrún Jónsdóttir

Jökull H. Úlfsson

1. Inngangur

1.1. Markmið og gildissvið

Markmið reglna þessara er að tryggja að meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda bankans séu í samræmi við lög og reglur sem um málaflokkinn gilda. Reglunum er ætlað að hindra að innherjaupplýsingar berist til óviðkomandi aðila ásamt því að stuðla að auknu jafnræði meðal fjárfesta en fjárfestar skulu hafa jafnan aðgang að upplýsingum um fjárhag Íslandsbanka hf. (hér eftir nefndur Íslandsbanki eða bankinn) og öðrum þáttum sem áhrif kunna að hafa á verð fjármálagerninga útgefnum af bankanum.

Reglur þessar gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda hjá Íslandsbanka með fjármálagerninga útgefnum af bankanum sem teknir hafa verið til viðskipta, eða óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta, á viðskiptavettvangi hér á landi, á Evrópska efnahagssvæðinu eða á sambærilegum erlendum mörkuðum. Reglur þessar eru settar á grundvelli laga um aðgerðir gegn markaðssvikum sem veitir lagagildi ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 596/2014 (hér eftir sameiginlega nefnt „MAR“)¹.

Reglur þessar skulu taka gildi um leið og lög um aðgerðir gegn markaðssvikum taka gildi.

1.2. Skilgreiningar

- a) *Innherjaupplýsingar*: nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða, beint eða óbeint, einn eða fleiri útgefendur eða einn eða fleiri fjármálagerninga og væru líklegar, yrðu þær gerðar opinberar, til að hafa marktæk áhrif á verð fjármálagerninganna eða verð tengdra afleiddra fjármálagerninga.
- b) *Aðili á innherjalista*: aðili sem hefur aðgang að innherjaupplýsingum og starfar fyrir bankann samkvæmt ráðningarsamningi, eða hefur á annan hátt með höndum verkefni sem hann hefur aðgang að innherjaupplýsingum gegnum, s.s. ráðgjafi, endurskoðandi.
- c) *Stjórnandi*: Stjórnarmenn, bankastjóri, lykilstarfsmenn bankans, Mannauðsstjóri, Forstöðumaður Stefnumótunar og forstöðumaður Markaðs- og samskiptasviðs.
- d) *Nákominn aðili*:
 - a) Maki eða samvistarmaki
 - b) Barn á framfæri, kjörbörn og stjúpbörn
 - c) Önnur skyldmenni sem hafa búið á sama heimili í a.m.k. ár á þeim degi sem viðkomandi viðskipti fara fram
 - d) Lögaðili, sjóður eða sameignarfélag
 - i. þar sem stjórnunarstörfum er gegnt af stjórnenda eða aðila sem talinn er upp í a-, b eða c lið hér að framan, eða er stjórnað beint eða óbeint af sömu aðilum
 - ii. annar lögaðili en í lið I. ef fjárhagslegir hagsmunir hans eru samtvinnaðir hagsmunum stjórnanda eða aðila sem talinn er upp í lið a, b eða c hér að framan.
- e) *Regluvörður*: Með hugtakinu regluvörður í reglum þessum er átt við regluvörð og staðgengil regluvarðar jöfnum höndum eftir því sem við á.
- f) *Viðskiptavettvangur*: Hugtakið viðskiptavettvangur er notað í reglum þessum um skipulegan markað (kauphöll) markaðstorg fjármálagerninga (MTF) og skipulegt markaðstorg (OTF), sbr. lög um markaði fyrir fjármálagerninga.

¹ Lög um aðgerðir gegn markaðssvikum hafa ekki fengið númer í lagasafni.

1.3. Eignarhald og endurskoðun

Reglur þessar eru samþykktar af stjórn bankans og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Yfirlögfræðingur er eigandi regnanna og ber ábyrgð á að tryggja að viðeigandi endurskoðun eigi sér stað.

2. Meðferð innherjaupplýsinga

2.1. Upplýsingaskylda og mat á upplýsingum

Starfsmenn, framkvæmdastjóri og stjórnarmenn bankans skulu gera regluverði tímanlega grein fyrir upplýsingum sem hugsanlega geta talist til innherjaupplýsinga. Regluverður bankans skal gefa álit sitt á því hvort upplýsingar séu þess eðlis að þær teljist til innherjaupplýsinga.

2.2. Birting innherjaupplýsinga

Bankinn skal birta, eins fljótt og auðið er, þær innherjaupplýsingar sem varða hann beint. Skal bankinn tryggja að innherjaupplýsingar séu gerðar opinberar með þeim hætti sem gerir almenningi kleift að fá skjóttan aðgang að upplýsingunum og leggja fullt, rétt og tímanlegt mat á þær.

Bankinn skal birta og viðhalda á vefsíðu sinni, í a.m.k. fimm ár, öllum innherjaupplýsingum sem honum ber að birta opinberlega.

2.3. Lögsmæt frestun birtingar innherjaupplýsinga

Bankinn getur, á eigin ábyrgð, frestað opinberri birtingu innherjaupplýsinga, að því tilskildu að slíkt sé heimilt samkvæmt MAR, og skal upplýsa Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (hér eftir FME Sí) í samræmi við þær frestanir sem um ræðir.²

Ákvörðun um frestun birtingar innherjaupplýsinga skal tekin af framkvæmdastjóra þess starfssviðs sem innherjaupplýsingarnar varða í samráði við regluverð. Hafi birtingu innherjaupplýsinga verið frestað og trúnaður þessara innherjaupplýsinga er ekki lengur tryggður skal bankinn birta þær opinberlega eins fljótt og auðið er.

2.4. Ólögsmæt miðlun innherjaupplýsinga

Það telst ólögsmæt miðlun innherjaupplýsinga ef aðili býr yfir innherjaupplýsingum og miðlar þeim til annars aðila, nema miðlunin fari fram í eðlilegu sambandi við stöðu, starf eða skyldur.³

Hafi innherjaupplýsingum verið miðlað áfram skal regluverði tilkynnt um það, án tafar.

3. Innherjalistar

3.1. Gerð innherjalista

Regluverður skal viðhalda uppfærðum lista yfir alla aðila, sbr. b. lið kafla 1.2. reglna þessara, sem hafa aðgang að innherjaupplýsingum á hverjum tíma.

Að fenginni beiðni þar um, skal regluverður afhenda FME Sí innherjalistann eins fljótt og auðið er. Skal listinn afhentur á því formi sem FME Sí óskar eftir.

Regluverður skal varðveita innherjalistana í að minnsta kosti fimm ár eftir gerð hans eða uppfærslu.

3.2. Tilkynning um skyldur aðila sem eru á innherjalista

Regluverður skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að allir aðilar á innherjalistanum viðurkenni skriflega þær skyldur samkvæmt lögum og reglum sem því fylgir og geri sér grein fyrir þeim viðurlögum sem gilda um innherjasvik og ólögsmæta miðlun innherjaupplýsinga.

² Sjá nánar 17. gr. MAR.

³ Sjá nánar 10. gr. MAR.

4. Viðskipti stjórnenda

Stjórnendum og aðilum þeim nákomnum er einungis heimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga útgefna af bankanum á opnu viðskiptatímabili sem er 30 dagar frá birtingu uppgjöra bankans. Þá er sömu aðilum heimilt að taka þátt í almennu útboði þar sem hlutbréf bankans eru boðin út eftir birtingu útboðslysingar vegna töku hlutabréfa í bankanum til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Ef viðskipti stjórnanda með fjármálagerninga útgefna af bankanum nær fjárhæð sem nemur 5000 evrum, í einum eða fleiri viðskiptum, innan almanaksárs, skal hann tilkynna um þau viðskipti sín til FME SÍ og regluvarðar, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 3 viðskiptadögum eftir að viðmiðunarfjárhæð er náð.⁴ Regluvörður sendir tilkynningu á fjárfestatengil bankans til birtingar fréttakerfi viðeigandi kauphallar.

5. Hlutverk regluvarðar

Regluvörður hefur umsjón með að reglum þessum og ákvæðum MAR sé framfylgt innan bankans.

Regluvörður skal gefa stjórn yfirlit yfir störf sín í tengslum við reglur þessar að minnsta kosti árlega.

Regluvörður skal halda skrá um samskipti sem fara fram á grundvelli reglna þessara. Regluvörður skal setja viðeigandi verklag um efni reglnanna þ.m.t. um gerð og viðhald innherjalista, birtingu/frestun birtingar innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda.

Regluverði er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum reglna þessara, sé það tryggt að undanþágan brjóti ekki í bága við gildandi lög og reglur, og skal senda skriflega umsókn þess efnist til regluvarðar á regluvordur@islandsbanki.is.

Regluverði ber að tilkynna FME SÍ um hugsanleg brot gegn ákvæðum reglnanna.

6. Fræðsla um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda

Stjórnarmenn, bankastjóri og starfsmenn bankans skulu hafa þekkingu og aðgang að þeim lögum og reglum er gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda og viðskipti stjórnenda.

Regluvörður skal sjá til þess að viðeigandi starfsmenn bankans fái fræðslu um lög og reglur er gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda.

⁴ Tegund viðskipta sem tilkynna skal um eru m.a.: kaup/móttaka; sala; framsal; afleiðuviðskipti; áskriftaréttindi; skráning í útboð; hlutafjáraukning; kaup- og söluréttir; viðskipti skv. samningi um eignastýringu og; fjármálagerningur sem fenginn er í gjöf eða arf. Tæmandi upptalningu tilkynningaskyldra viðskipta er að finna í 2. mgr. 10. gr. MAR.